

# ÁRSSKÝRSLA 2013



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS



Framkvæmdasýsla ríkisins  
starfar á grundvelli laga um  
skipan opinberra framkvæmda.

Framkvæmdasýsla ríkisins  
er leiðandi og stefnumótandi  
afl í opinberum framkvæmdum og  
stuðlar að skilvirkni á því sviði.

Framkvæmdasýsla ríkisins  
hefur það að markmiði  
að veita góða þjónustu  
og stuðla að góðri samvinnu  
við viðskiptavinum sínum.

---

## EFNISYFIRLIT

<b>Inngangur</b> .....	<b>3</b>
Tilgangur.....	3
Hlutverk .....	3
Ársreikningur .....	3
<b>Þróunar- og samstarfsverkefni</b> .....	<b>4</b>
BIM, upplýsingalíkon mannvirkja.....	4
<b>Verkefni á árinu 2013</b> .....	<b>5</b>
Forsætisráðuneytið.....	5
Atvinnuvega- og nýsköpunar- .....	6
ráðuneytið.....	6
Fjármála- og efnahagsráðuneytið .....	6
Innanríkisráðuneytið .....	7
Mennta- og menningarmálaráðuneytið .....	9
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið .....	15
Utanríkisráðuneytið .....	18
Velferðarráðuneytið .....	19
Alþingi.....	22
<b>Samstarf og atburðir</b> .....	<b>24</b>
<b>Rekstur og starfsfólk</b> .....	<b>28</b>
<b>Ársreikningur 2013</b>	

---

Ársskýrsla 2013.

Útg.: Framkvæmdasýsla ríkisins. Júní 2014.

Vinnsla forsíðu: Stafræna hugmyndasmiðjan ehf.

Ljósmyndir frá starfsmönnum FSR og aðilum verkefnanna.

Prentun: Prentsmiðjan Oddi ehf.

Ábyrgðarmaður: Óskar Valdimarsson.

---

## Inngangur

Framkvæmdasýsla ríkisins starfar samkvæmt lögum nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda og heyrir undir fjármála- og efnahagsráðuneytið. Forstjóri FSR, sem skipaður er af fjármála- og efnahagsráðherra til fimm ára í senn, veitir stofnuninni forstöðu og sér um að marka stefnu hennar í samráði við ráðuneytið. Hann situr í samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir ásamt ráðuneytisstjóra fjármála- og efnahagsráðuneytisins og fulltrúa fjárlaganefndar Alþingis. Starfsemi Framkvæmdasýslunnar er fjármögnuð með sértekjum sem skráðar eru sem umsjónar- og eftirlitskostnaður á þau verkefni sem unnið er við hverju sinni.

## Tilgangur

Tilgangurinn með rekstri Framkvæmdasýslu ríkisins er að byggja upp á einum stað innan ríkisgeirans sérþekkingu á verklegum framkvæmdum, því mikilvægt er að ríkið sem verkkaupi búi yfir slíkri þekkingu. Þá er einnig gert ráð fyrir að Framkvæmdasýslan sé í fararbroddi hvað varðar samræmingu gagna og þróun á sviði verklegra framkvæmda, ásamt því að sýna frumkvæði í notkun upplýsingatækni á sínu sviði.

## Hlutverk

Hlutverk Framkvæmdasýslu ríkisins er að vera leiðandi afl á sviði opinberra framkvæmda með það að markmiði að bæta verklag og auka skilvirkni, hagkvæmni og gæði við framkvæmdir ríkisins.

Stjórnendur FSR leggja áherslu á að jafnræðis og faglegra vinnubragða sé gætt við framkvæmdir á vegum ríkisins og að við undirbúning verka sé tekið mið af stöðlum, viðmiðunum og leiðbeiningum ríkisins um framkvæmda- og eignamál.

## Ársreikningur

Ríkisendurskoðun sér um endurskoðun á bókhaldi Framkvæmdasýslunnar. Ekki fer fram formleg endurskoðun á hverju ári, en Fjárýsla ríkisins gefur hins vegar árlega út samandreginn ársreikning fyrir stofnunina. Þessi samandregni ársreikningur er hluti af ársskýrslu Framkvæmdasýslunnar fyrir árið 2013.

## Þróunar- og samstarfsverkefni

### BIM, upplýsingalíkon mannvirkja

Á árinu 2013 voru tveir starfsmenn ráðnir hjá FSR til að annast og styðja enn frekar við innleiðingu BIM (Building Information Modelling) þau Ingibjörg Birna Kjartansdóttir og Haraldur Arnórsson. Þau eru bæði vel menntuð á þessu sviði en þau munu einnig annast vefstjórn. Með starfskröftum þeirra sinnir FSR því vel þróunar- og samstarfsverkefnum varðandi BIM.

BIM faghópur FSR tók þátt í fyrstu alþjóðlegu BIM ráðstefnunni sem haldin var í Portó í Portúgal dagana 20. og 21. júní. Markmið ráðstefnunnar var að ræða innleiðingu BIM um allan heim og stuðla að samvirkni milli fagaðila og landa í innleiðingunni. Aðilar frá fjölmörgum stofnunum og einkaaðilum kynntu fyrir gestum hvernig þeim væri að takast til í að innleiða BIM hjá fyrirtækjum í sínum löndum og þær áskoranir sem hefðu mætt þeim á leiðinni. Flutt voru erindi um hvernig BIM aðferðafræðin er nýtt við rafræn skil, arkitektúr og verkfræði, svo og framkvæmdastjórnun. Helstu framleiðendur BIM studds hugbúnaðar kynntu einnig sínar vörur og nýjungar á ráðstefnunni.

Í júní hélt FSR erindi á málþingi FASTA (Fasteignastjórnunarfélagi Íslands) þar sem fjallað var um BIM og BREEAM í daglegum rekstri bygginga. Kynninguna önnuðust sérfræðingar FSR í BIM og BREEAM, Aðalheiður Atladóttir og Ingibjörg B. Kjartansdóttir.

Varðandi ávinning af BIM fyrir fasteignaeigendur og –stjórnendur voru nefnd eftirfarandi atriði sem nánar var fjallað um á málþinginu:

- Áreiðanlegar og aðgengilegar rafrænar upplýsingar.
- Betri og nákvæmari hönnunargögn.
- Stjórnun á líftímakostnaði og gögnum um vistvæna byggingahætti.
- Betri framleiðslugæði.
- Nákvæm reyndarlíkon til notkunar í rekstri.

### Upplýsingalíkon mannvirkja Building Information Modeling (BIM)



BIM og fasteignastjórnun.

Útboð í Nýtt fangelsi á Hólmsheiði var boðið út þar sem gerð var krafa um að verktaki noti BIM aðferðafræðina við verklega framkvæmd. Var þetta fyrsta útboðið í verklegri framkvæmd þar BIM er krafist af verktaka.

Ingibjörg og Haraldur hafa einnig tekið þátt í samstarfi við önnur Evrópulönd við innleiðingu BIM fyrir hönd FSR, þar sem helstu Evrópuþjóðir hafa unnið að því að útbúa nýja tilskipun fyrir Evrópusambandið sem gerir opinberum verkkaupum það kleift að biðja um BIM.

Í desember 2013 var lögð fram greinargerðin *Innleiðing BIM í verkefnum FSR, árangur og ávinningur hönnuða*, sem unnin var af Ingibjörgu Birnu Kjartansdóttur. Í greinargerðinni er skoðað og metið hver árangur og ávinningur hönnuða hefur verið í hönnunarverkefnum FSR sem hafa verið unnin eftir BIM aðferðafræðinni.

Niðurstöður rannsóknarinnar leiddi í ljós að 40% hönnuða höfðu aldrei áður unnið eftir aðferðafræði BIM og 85% þeirra gerðu það aftur. Það má því segja að krafa FSR um BIM í áætlanagerð hafi borið góðan árangur þar sem hátt hlutfall svaraenda segist hafa unnið aftur eftir BIM.

Rannsóknin leiddi einnig í ljós jákvætt viðhorf gagnvart BIM og virðast hönnuðir viljugir til að fræðast meira og læra af reynslunni. Rannsóknin mun einnig nýtast FSR við úrbætur, nú þegar innleiðing BIM í verklegum framkvæmdum er komin af stað.

## Verkefni á árinu 2013

Hér verða rakin helstu verkefni á vegum FSR fyrir hvert ráðuneyti sem voru í framkvæmd á árinu og eftir atvikum nefnd verkefni í undirbúningi svo og útgáfa skilamata og skilagreina.

### Forsætisráðuneytið

#### Húsnæðismál Stjórnarráðsins

Húsnæðismál Stjórnarráðsins tóku talsverðum breytingum á árunum 2011- 2012 vegna sameiningar ráðuneyta. Lauk þeim að langmestu leyti á árinu 2012. Það á við um breytingar á 3. hæð á innréttingum, í Arnarhvoli vegna fjármála- og efnahagsráðuneytisins., breytingar á 2. hæð að Skúlagötu 4 svo og á 3. og 4. hæð í Skuggasundi 3.

Áfram var unnið að frumathugun verkefnisins Arnarhvoll, endurnýjun húsnæðis, sem fjallað er um í kafla fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

#### Hakið á Þingvöllum

Í Þjóðgarðinum á Þingvöllum hefur síaukinn fjöldi ferðamanna kallað á áframhaldandi uppbyggingu en afar margir þeirra hafa viðkomu á Þingvöllum. Upphaf nýrrar, vandaðrar þróunar hófst þegar samkeppni var haldin um Hakið og byggð var þar gestastofa árið 2000. Uppbyggingin hefur síðan haldið áfram með vönduðum vinnubrögðum við smíði útsýnispalls árið 2002, stækkun gestastofunnar með stakstæðri byggingu fyrir snyrtingar árið 2010 og byggingu brúar í Kárastaðastíg 2012.



Útsýnispallur við Öxarárfoss.

Í byrjun árs var ráðgert að boðnar yrðu út á árinu 2013 framkvæmdir, annars vegar áningar- og útsýnisstaður við Drekkingshyl og Öxarárfoss, og hins vegar tenging á palli við rampa í Almannagjá.

Lögð var fram greinargerðin Þingvellir – Hakið. Frumathugun, dagsett í desember 2013. Verkefnið var unnið fyrir Þingvallanefnd, sem heyrir undir forsætisráðuneytið. Auk þessara aðila komu að frumathuguninni Gláma - Kím arkitektar og Landslag, starfsfólk Þjóðgarðsins og FSR.



Hakið á Þingvöllum, yfirlitsmynd.

Í frumathuguninni kemur fram að brýnt er að hefja undirbúning framkvæmda við Hakið til að bæta umferðarflæði, auka þar húsnæði fyrir þjónustu og fræðslu svo og að koma upp aðstöðu fyrir starfsfólk og rekstur. Tilgreind eru einstök verkefni og Lögð er fram áætlun um einstök verkefni og forgangsröð þeirra. Meðal þeirra sem eru brýnust eru bílastæði, hlað, rampur og pallur, þjónustuhús og stækkun gestastofu. Ennfremur er gert ráð fyrir jarðvinnu við gestastofu, gerð sýningar, stækkun bílastæða, fráveitu og vinnu við skipulagsmál. Í frumathuguninni er lagt til allar framkvæmdirnar fari fram á árunum 2014 og 2015.

#### Skilamöt

- Flutningur Matís ohf. Skilagrein útgefin í desember 2013.
- Hafrannsóknarstofnun, endurbætur 2. og 3. hæðar í Sjávarútvegshúsi. Skilamat útgefið í desember 2013.



## Atvinnuvega- og nýsköpunar-ráðuneytið

Verkefni vegna atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og stofnana þess, þar sem eru málefni sjávarútvegs, landbúnaðar, viðskipta og iðnaðar, var eftirfarandi.

### Hafrannsóknastofnun Grindavík

Eftir frumathugun og gerð aðaltekninga vegna nýbygginga í Grindavík fyrir Hafrannsóknastofnunina, var stefnt að verkhönnun og útbóði framkvæmda. Í desember 2013 lá fyrir að ekki yrði af þessum framkvæmdum.

### Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Helstu verkefni á árinu 2013 vegna fjármála- og efnahagsráðuneytisins og stofnana þess voru eftirfarandi.



Arnarhvoli.

### Arnarhvoli og gamla Hæstaréttarhús, endurbætur

Arnarhvoli við Lindargötu var byggður í tveimur áföngum 1931 og 1946. Viðhaldi hefur verið haldið í lágmarki í gegnum árin og er nú komið að allsherjar endurbótum bæði innan- og utanhúss sem unnar verða í áföngum. Gamla Hæstaréttarhúsið, sem er áfast seinni áfanga Arnarhvals og byggt um leið og hann, hefur staðið að mestu autt síðan Hæstiréttur flutti í nýtt húsnæði 1996. Þjófleikhúsið hefur þó haft æfinga- og geymsluaðstöðu í húsinu um árabíl en húsinu hefur ekkert verið haldið við og er í niðurníðslu bæði utanhúss og innan.

Utanhússviðgerðir á báðum húsum voru boðnar út í lok sumars 2013 og hófust framkvæmdir í byrjun október.

Um er að ræða steypu- og múrviðgerðir á útveggjum, endurnýjun allra glugga, viðgerðir á þakviðum og endurnýjun þakfyrirborðs og endursteyning beggja húsa. Áætluð verklok utanhússframkvæmdar eru í júlí 2014.



Framkvæmdir utanhúss í desember 2013.

Unnið er að undirbúningi næstu áfanga í endurbótum á Arnarhvoli innanhúss en ekki eru fyrirhugaðar endurbætur á gamla Hæstaréttarhúsinu að innan að svo stöddu.

### Hafnarstræti 107, Akureyri, endurbætur

Endurbætur Hafnarstrætis 107 á Akureyri, fyrir Fasteignir ríkissjóðs, voru unnar að miklu leyti á fyrra ári. Aðalhönnuður var AVH ehf. á Akureyri.



Hafnarstræti 107, Akureyri.

Framkvæmdirnar náðu til húsnæðis fyrir Þjóðskrá, Sýslumanninn á Akureyri og Héraðsdóm Norðurlands. Framkvæmdum verktakans, Tréverks ehf., lauk vorið 2013.

### Leiguverkefni

Leiguverkefnum fyrir önnur ráðuneyti en fjármála- og efnahagsráðuneytið og stofnanir þeirra er lýst í köflum viðkomandi ráðuneyta en þau vinnur FSR í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneytið.



## Innanríkisráðuneytið

Fyrir innanríkisráðuneytið og stofnanir þess var unnið að eftirfarandi verkefnum.

### Fangelsi á Hólmsheiði

Í framhaldi af undirbúningi á undanförunum árum voru framkvæmdir við fangelsið á Hólmsheiði boðnar út á árinu 2013 og framkvæmdir hafnar við jarðvinnu.

Aðalhönnuður er Arkís arkitektar ehf., hönnunarstjóri og aðalhönnuður er Björn Guðbrandsson. Mannvit hf. annast burðarþol, lagna- og hljóðhönnun, Verkís hf. annast rafmagnshönnun, lýsingarhönnun, öryggishönnun og VSI brunahönnun.

Ákveðið var að skipta framkvæmdum í tvo hluta og bjóða fyrst út jarðvegsframkvæmdir ásamt heimlögnum og síðan meginframkvæmdina, það er hús og lóðarfrágang.



Fangelsið á Hólmsheiði. Unnið við jarðvinnu.

Útboð jarðvinnu og heimlagna var auglýst 9. mars 2013, tilboð voru opnuð 26. mars 2013. Tilboði Ístaks hf. var tekið þann 30. apríl 2013.

Þann 4. apríl 2013 var fyrsta skóflustungan tekin, að viðstöddum Ögmundi Jónassyni, innanríkisráðherra, Páli E. Winkel, forstjóra Fangelsismálastofnunar og Steinunni Valdísi Óskarsdóttur, formanni stýrihóps um byggingu nýs fangelsis. Framkvæmdir við jarðvinnu og heimlagnir hófust í apríl og var þeim lokið í árslok 2013. Í mars var auglýst opin samkeppni um listskreytingu Fangelsisins á Hólmsheiði. Listskreytingar verða unnar í samræmi við lög um listskreytingu opinberra bygginga. FSR hafði umsjón með samkeppninni fyrir hönd verkkaupa. Samkeppnislýsing var birt á vefsíðu Framkvæmdasýslu ríkisins.

Skiladagur tillagna í listskreytingarsamkeppninni var 17. maí 2013. 1. verðlaun hlutu Anna Hallin og Olga S. Bergmann fyrir verkið Arboretum - Trjásafn. Það er margþætt listaverk og því tilheyra, auk trjáþyrpinga í aðkomugarði, fuglahús og vefmyndavélar fyrir fuglaskoðun, og ífræst flugmynstur fuglategunda sem dvelja á Hólmsheiði.



Frá afhendingu verðlauna vegna listaverks.

Útboð framkvæmda við sjálfa fangelsisbygginguna, það er hús og lóðarfrágang, var auglýst 17. ágúst 2013. Tilboð voru opnuð 5. desember 2013.

### Litla – Hraun, móttökuhús

Á Litla - Hrauni var þörf á bættri aðstöðu móttöku og var ákveðið að leysa húsnæðisþörfina með færanlegu timburhúsi. Verkkaupi er innanríkisráðuneytið. Umsjón og eftirlit hafði FSR. Í apríl var boðin út bygging hússins ásamt uppdráttum. Tilboðum var hafnað þar sem þau voru of há en gengið til samningskaupa við Vörðufell ehf.



Litla - Hraun, móttökuhús.

Í húsinu er biðstofa ásamt gestasalerni og vaktherbergi, móttökusalur þar sem verður málmleitarhlíð og gegnumlýsingartæki.

Þar er einnig aðstaða til sérstakrar skoðunar á varningi og leitarherbergi. Framkvæmdum lauk haustið 2013.

### Endurbætur á raflögnum í byggingum á Keflavíkurflugvelli

Fyrir Landhelgisgæsluna hefur FSR annast umsjón og eftirlit við endurbætur á raflögnum í byggingum á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Framkvæmdirnar hafa verið boðnar út í áföngum.

Áfram var unnið að 5. áfanga sem fólst á að breyta raflögnum í byggingu nr. 131 innan öryggissvæðis Keflavíkurflugvallar. Viðbætur við 5. áfanga náðu til breytinga á miðjurými og lauk þeim í mars 2013.

Á árinu 2013 var unnið að undirbúningi 6. áfanga en sá áfangi er talsvert stærri en fyrrnefndir áfangar. Hönnun áfangans önnuðust Rafmiðstöðin sf., Lagnatækni ehf., Verkfræðistofa Jóhanns Indriðasonar ehf. (VJI) og VSB Verkfræðistofa ehf.



Bygging 130 á Keflavíkurflugvelli.

Um er að ræða endurbætur raflagna og lagna- og loftræsikerfa í byggingu númer 130 innan öryggissvæðisins til að uppfylla gildandi staðla í stað bandarískra staðla. Byggingin er stjórnstöð samþætts loftvarnakerfis NATO hér á landi og er um 2.800 m<sup>2</sup> á þremur hæðum. Auk breytinga á raflögnum verða gerðar breytingar á kæli- og loftræsikerfum byggingarinnar.

Forval vegna framkvæmda við 6. áfanga var auglýst í janúar og niðurstaða forvalsins lá fyrir í febrúar 2013 og voru valdir fimm bjóðendur til þátttöku í lokuðu útboði. Hönnun byggingarinnar lauk í júní 2013. Tekið var tilboði Bergraf ehf. og hóf verktakinn framkvæmdir í nóvember 2013.

### Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, leiguhúsnæði

Vegna Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu var unnið áfram að ráðgjöf vegna leiguhúsnæðis við lögreglustöð 4. Eftir val húsnæðis að Vínlandsleið 2 – 4 á fyrra ári vann leigusali að framkvæmdum og var húsnæðið tekið í notkun í aprílmánuði 2013.

Einnig var vegna Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu unnið að ráðgjöf vegna húsnæðis fyrir tæknideild, tölvurannsóknardeild og munavörslu í húsnæði að Vínlandsleið 2 – 4. Hönnun lauk á árinu og er stefnt að framkvæmdum á árinu 2014.

### Húsnæðismál Farsýslunnar og Vegagerðarinnar

Unnið var að ráðgjöf um húsnæðismál vegna fyrirhugaðra breytinga á skipan samgöngumála sem miðaði að því að stjórnslan yrði sameinuð í eina stofnun. Farsýsluna, en framkvæmdir á þessu sviði í aðra stofnun. Á fyrri hluta ársins var unnið að verkefninu Húsnæðismál Farsýslunnar og Vegagerðarinnar í samstarfi við innanríkisráðuneytið og viðkomanadi stofnanir. Heiti fyrirhugaðrar stjórnslu-stofnunar var síðar á árinu breytt í Samgöngustofu en heitið Vegagerðin var notað um stofnunina sem annast mun framkvæmdir á sviði samgöngumála.

### Samgöngustofa, húsnæðismál

Samgöngustofa, sem stofnuð var 1. júlí 2013, annast stjórnslu samgöngumála og eftirlit með þeim. Verkefni stofnunarinnar heyrðu áður undir Flugmálastjórn Íslands og Umferðarstofu, einnig annast stofnunin stjórnslu- og eftirlitsverkefni Siglingastofnunar Íslands svo og umferðareftirlit sem áður var hjá Vegagerðinni.

Vegna Samgöngustofu var unnið að ráðgjöf vegna leiguhúsnæðis. Gerð var þarfagreining, húslýsing og auglýst eftir leiguhúsnæði. Áfram verður unnið að húsnæðismálinu á árinu 2014.

## Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Helstu verkefni ársins 2013 fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið og stofnanir þess voru eftirfarandi.

### Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ

Framkvæmdir við nýbyggingu Framhaldsskólans í Mosfellsbæ, sem hófust í á miðju ári og lauk því sem næst í árlök 2013. Kennsla hefst þann 8. janúar 2014.

Verkkaupar eru mennta- og menningarmálaráðuneytið og Mosfellsbær. Umsjón hefur Framkvæmdasýsla ríkisins. Aðalhönnuðir eru að arkitektar. Verktaki er Eykt ehf. Stefnt er að vígslu framhaldsskólans í janúar 2014 og verður hann þá tekinn í notkun.



Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ. Innanhúss.



Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ. Aðkoma.

Skólinn er ætlaður fyrir 400 til 500 nemendur og er heildarstærð hússins 4.100 m<sup>2</sup>. Húsið er úr steinsteypu, byggt í tveimur þriggja hæða álmum. Það er klætt að utan með lerki að mestu og á nokkrum stöðum er ómeðhöndluð sjónsteypa.

Tengibygging milli almanna er stálbygging með pappalögðu þaki og útveggjum úr gleri. Byggingin er hönnuð samkvæmt BIM aðferðafræðinni og með það að markmiði að fá alþjóðlega umhverfisvottun samkvæmt BREEAM.



Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ.





Viðbygging við Þjóðleikhúsið, tölvuteikning.

### Þjóðleikhúsið, viðbygging

Lokið var við frumathugun vegna viðbyggingar við Þjóðleikhúsið og einnig lauk bæði hönnun og framkvæmd að mestu á árinu 2013 utan lyftu sem kemur í bygginguna.

Niðurstaða frumathugunar, sem lögð var fram í febrúar 2013, var að byggja viðbyggingu til auðvelda flutninga og geymslu leikmynda og búnaðar en einnig að koma á tengslum við smíðaverkstæð leikhússins með vörulyftu.

Þar sem Þjóðleikhúsið er ein merkasta bygging landsins var ákveðið að vanda vel til verks, jafnvel þótt viðbyggingin sé bráðabirgðabygging. Innanhúss gæti útfærsla verið einföld en ytra byrði yrði að vera vandað. Leitað var álits Húsafriðunarnefndar ríkisins á útliti viðbyggingarinnar og féllst hún á framlagða tillögu.

Teiknistofa Garðars Halldórssonar hannaði arkitektahluta viðbyggingarinnar. Verksamkvæmd og verkfræðihönnun var boðin út með alútboði í júní og tekið var tilboði ÍAV ehf.



Viðbygging Þjóðleikhússins í byggingu.

Viðbyggingin er austan við Þjóðleikhúsið. Unnt er að taka stórar leikmyndir inn um vöruinngang norðanmegin frá Lindargötu. Á smíðaverkstæðinu voru gerðar ýmsar breytingar. Hurðarop að leikmunageymslu var stækkað til að auðvelda flutning stórra leikmynda inn á Stóra sviðið.

Nýja viðbygging Þjóðleikhússins stendur á kjallara smíðaverkstæðisins. Efri hlutinn er með burðarvirki úr límtré. Að utan er klætt með krossvið. Ysta klæðning útveggja er læst sinkklæðning en tenging við aðalbygginguna er klædd götuðum málmplötum. Þak er klætt þakdúk.

Verktaki vann burðarþolshönnun og skipulag vinnusvæðis í júlí og að fengnu byggingarleyfi í september voru sökkklar steyptir og síðan voru sett upp milligólf og reistir límtrésrammar. Lokaúttekt og afhending fór fram 20. desember 2013.

### Háskólinn á Akureyri, 5. áfangi, skrifstofur og tengingangur

Áfram var unnið að framkvæmdum við 5. áfanga Háskólans á Akureyri og var þeim að mestu lokið í árslok 2013. Mun áfanginn, sem er um 750 fermetrar að stærð, hýsa skrifstofur, fundaherbergi, kaffieldhús og stoðrymi og einnig viðbót við tengingang.



Háskólinn á Akureyri, 5. áfangi.

Verkkaupi er Háskólinn á Akureyri fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Umsjón með framkvæmdum hefur Framkvæmdasýsla ríkisins. Verktakinn SS byggir ehf. hóf framkvæmdir haustið 2012. Lauk framkvæmdum við frágang og innréttingar að mestu á árinu 2013.

### Þjóðskjalasafn Íslands, endurbætur

Um mitt árið var gerð framkvæmda- og viðhaldsáætlun fyrir 2013-18 fyrir Þjóðskjalasafn Íslands í samvinnu við stjórn safnsins og mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Rishæð **húss 1** var ástandsskoðuð og í ljósi niðurstöðu um ástand hennar, og frumáætlunar um heildarkostnað við endurgerð hennar, var hafin vinna við frumathugun í lok ársins og stefnt að áætlunargerð eftir áramótin.



Þjóðskjalasafn, innréttingar.

Endurbætur á frárennislögnum á suður- og vesturhluta **húss 2** voru boðnar út í nóvember. Verkið hófst í desember og voru verklok áætluð í lok janúar 2014. Hönnuður endurbótanna var Verkís hf. (áður Almenna verkfræðistofan hf.).

Vegna **húss 4** var í ágúst gengið frá viðbótarsamningi við verktaka, Egilsson og Rossen ehf., um uppsetningu skjalaskápa og var það lokaáfangi þess verkþátar. Uppsetning þeirra hófst í nóvember og voru áætluð verklok í febrúar 2014.

Í **húsi 5** var unnið að gerð útboðsgagna í upphafi árs vegna endurgerðar þess að utan og innan. Verkið stöðvaðist um vorið vegna vöntunar á afgreiðslu byggingaryfirvalda á aðaluppdráttum.

Aðalhönnuður og arkitekt endurbótanna er T.ark (Teiknistofan Arkitektar ehf.), hönnuður burðarþols og loftræsingar Almenna verkfræðistofan hf. (nú Verkís hf.) og hönnun raflagna VJI (Verkfræðistofa Jóhanns Indriðasonar).

### Hús íslenskra fræða

Hönnun húss íslenskra fræða var unnin á grundvelli vinningstillögu Hornsteina arkitekta ehf. í samkeppni sem haldin var árið 2007. Eftir hrunið var haldið áfram að hanna bygginguna en framkvæmdum var frestað. Í nóvember 2012 var samkvæmt beiðni stjórnvalda stefnt að því að hefja framkvæmdir. Voru fyrirbyggjandi hönnunargögn þá rýnd og síðan unnið að því að ljúka hönnun. Fullbúin gögn lágu ekki fyrir í upphafi árs 2013 en til að flýta framkvæmdum var ákveðið að taka jarðvinnuþáttinn út úr heildarframkvæmdunum og bjóða hann út sérstaklega.

Útboð jarðvinnu var auglýst og opnun tilboða í jarðvinnuna var 20. febrúar 2013. Tekið var tilboði ÍAV ehf. Var fyrsta skóflustunga tekin 11. mars. 2013 og þá strax hafinn gröftur í grunni. Verkið fólst í að grafa fyrir byggingunni, koma upp aðstöðu verktaka, girða vinnusvæðið og leggja frárennislagnir fyrir jarðvatn.

Í júní lauk jarðvinnu að mestu og borun undir Suðurgötu og var þá áfram unnið að frárennislögnum. Jarðefni út holunni var um 30.000 m<sup>3</sup> sem flutt var burt og endurnytt til fyllingar við Skarfabakka. Fyrirhugað er að leiða jarðvatn niður í Húsatjörn í Vatnsmýrinni.



Grunnur Húss íslenskra fræða.

Bygging hússins var boðin út og voru tilboð opnuð 14. maí 2014. Í júní lá fyrir að framkvæmdum yrði frestað í óákveðinn tíma.

### Fjölbrautaskólinn við Ármúla, lóðarframkvæmdir

Framkvæmdir við lóðarfrágang við Fjölbrautaskólann í Ármúla voru boðnar út í febrúar 2013 og lauk þeim á árinu. Lóðin skiptist í aðkomuhluta með bíla- og hjóla-stæðum og baklóð með hellulögðu dvalarsvæði á bakhlið skólans framan við mötu-neytið.



Lóðarfrágangur við Fjölbrautaskólann í Ármúla.

Helstu verkliðir voru jarðvinna, landmótun, malbikun, hellulagning, lýsing, uppsetning götugagna ásamt frágangi gras- og gróðursvæða.

Verkkaupar voru mennta- og menningarmálamálaráðuneytið, Reykjavíkurborg og Fasteignir ríkissjóðs. Framkvæmdasýsla ríkisins annast umsjón og eftirlit. Hönnun lóðarfrágangsannaðist Hermann Ólafsson landslagsarkitekt hjá Landhönnun slf. Lóðarverktaki var Garðyrkjupjónustan ehf.




Hjólalastæðisskýli Fjölbrautarskólans í Ármúla.

### Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur

Unnið var áfram að undirbúningi vegna fyrirhugaðrar nýbyggingar fyrir Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur (SVF) í erlendum tungumálum við Háskóla Íslands. Verkaupi er mennta- og menningarmálaráðuneytið. Framkvæmdasýsla ríkisins hefur umsjón með verkefninu.

Byggingarnefnd SVF skipa Eiríkur Hilmarsson, formaður, Auður Hauksdóttir, Ásdís Guðrún Sigmundsdóttir, Guðmundur R. Jónsson, Inga Jóna Þórðardóttir og Ingjaldur Hannibalsson. Sigurlaug I. Lövdahl er starfsmaður nefndarinnar. Með nefndinni starfar einnig Halldóra Vífilsdóttir aðstoðarforstjóri FSR. Hönnuðir eru arkitektur.is í samstarfi við Verkís og er Kristján Garðarson arkitekt hönnunarstjóri.

Aðalteikningar voru lagðar inn til byggingarfulltrúa í desember 2012. Á árinu 2013 var unnið áfram að ýmsum þáttum hönnunarinnar.



SVF, grunnmynd aðalteikningar.

Í mars var áætlað að fullnaðarhönnun byggingar SVF yrði að mestu lokið í mars og stefnt væri að því að hefja mætti framkvæmdir haustið 2013. Seinkun varð á hönnuninni og heildarkostnaráætlun, sem lögð var fram vorið 2013, varð talsvert hærri en vonast hafði verið til. Áætlað að tengingur undir Suðurgötu, milli SVF og Háskólatorgs, sem hannaður er af Hornsteinum arkitektum, færi í sama útboð. Sumarið 2013 hafði hægt á verkefninu þar sem ekki var búið að tryggja fjármögnun verksins.



### Fjölbrautaskóli Suðurlands, stækkun verknámsaðstöðu

Unnið var áfram að undirbúningi vegna fyrirhugaðrar stækkunar verknámsdeildar Fjölbrautaskóla Suðurlands, Selfossi.

Verkkaupar eru mennta- og menningarmálaráðuneytið og Sveitafélagið Árborg, Héraðsnefnd Árnesinga, Héraðsnefnd Rangæinga og Héraðsnefnd Vestur - Skaftfellinga. Umsjón hefur Framkvæmda-sýsla ríkisins.

Að lokinni frumathugun vann FSR að samkeppnislýsingu. Var hönnunarsamkeppnin auglýst í janúar 2013. Meðal áhersluatriða í samkeppninni var áhersla á innri tengsl, sveigjanleika og að viðbyggingin falli vel að núverandi húsnæði.

Niðurstöður samkeppninnar voru kynntar 14. júní. Alls bárust 25 tillögur frá íslenskum og erlendum arkitektastofum. Fyrstu verðlaun í samkeppninni hlaut T.ark – Teiknistofan arkitektar ehf.

Hlé var gert í verkefninu en stefnt er að verkhönnun á árinu 2014.



Fjölbrautaskóli Suðurlands, stækkun verknámsaðstöðu. Vinningatillaga.

### Menntaskólinn við Sund, viðbygging

Vegna viðbyggingar við Menntaskólann við Sund var unnið að hönnun á árinu 2013.



Menntaskólinn við Sund, afstöðumynd.

Verkkaupar eru mennta- og menningarmálaráðuneytið og Reykjavíkurborg, umsjón annast FSR.

Hönnunin er unnin á grundvelli vinnings-tillögu í hönnunarsamkeppni sem haldin var á árinu 2012. Í hönnunarteyminu eru Skipark (Skipulags-, arkitekta- og verkfræðistofunni ehf., Gestur Ólafsson, arkitekt og skipulagsfræðingur, Zoltán V. Horváth, arkitekt), lóðarhönnun vann Vist og vera ehf. (Kristín Þorleifsdóttir PhD), VEB ehf. (Verkfræðistofa Erlends Birgissonar ehf. annaðist burðarþol og lagnir, Lagnatækni vann hönnun loftræsilagna, rafhönnun annaðist Verkhönnun ehf., VSI annaðist eldvarna- og öryggishönnun og Önn hljóðvist.

Viðbyggingin er með þriggja hæða álmu við Gnoðavog, einnar hæðar fjölnotasal í miðju skólans með mótuneyti fyrir bæði nemendur og starfsfólk. Auk þess þriggja hæða tengingangur milli tveggja núverandi bygginga. Í viðbyggingunni verða tvær lyftur en lyftur hefur alveg vantað í skólann. Auk nýrrar viðbyggingar verða framkvæmdar breytingar á um 850 fermetrum í eldra húsnæði. Heildarstærð viðbyggingarinnar verður 2.832 fermetrar og verður heildarstærð alls skólahúsnæðisins eftir stækkun um 7.800 fermetrar.



Frá undirritun samnings vegna MS.

Þann 7. október 2013 undirrituðu Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra og Jón Gnarr borgarstjóri samning milli ráðuneytisins og Reykjavíkurborgar um viðbygginguna við Menntaskólann við Sund. Í árslok var fullnæðarhönnun um það bil lokið og stefnt að útboði framkvæmda á fyrri hluta árs 2014.

### Skilamöt

Útgefin skilagrein á árinu 2013 vegna mennta- og menningarmálaráðuneytis og stofnana þess var eftirfarandi:

- Háskóli Íslands, Háskólatorg og Gimli. Skilamat útgefið í nóvember 2013.
- Íþróttahús Háskóla Íslands. Skilamat útgefið í nóvember 2013.
- Þjóðleikhús, utanhússviðgerðir. Skilamat útgefið í október 2013.
- Þjóðleikhús, endurbætur innanhúss. Skilamat útgefið í október 2013.

## Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Helstu verkefni umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og stofnana þess á árinu 2013 voru snjóflóðavarnir og fleiri verkefni. Framkvæmdasýslan hefur umsjón með verkefnum fyrir verkkaupana, sem eru hvað varðar snjóflóðavarnir viðkomandi sveitarfélag og Ofanflóðasjóður, sem er á vegum ráðuneytisins.

### Þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri

Unnið var að frumathugun á nýju þekkingarsetri á Kirkjubæjarklaustri fram eftir árinu 2013. Fyrirhuguð nýbygging á að hýsa gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs ásamt skrifstofu Skaftárhrepps, Errósetri, Kirkjubæjarstofu, háskólatengdri starfsemi og fleiru. Í fjárlögum fyrir árið 2014, sem lögð voru fram í lok árs 2013, var ekki veitt fjármagn til verkefnisins og hefur því undirbúningi og byggingu þekkingarsetursins verið frestað.

### Snjóflóðavarnir á Ísafirði, þvergarður undir Kubba

Áfram var unnið að frágangi vegna varnargarðs undir Kubba í Ísafjarðarbæ.

Verkkaupar eru Ofanflóðasjóður og Ísafjarðarbær. Umsjón hefur Framkvæmdasýsla ríkisins. Verkhönnuður var Efla hf. verkfræðistofa, landslagshönnun var unnin af Landmótun sf. Verktaki var Geirnaglinn ehf.

Byggingu þvergarðsins lauk að mestu í árslok 2012, þar með talin gerð undirlags áningarstaða og göngustíga, en jöfnun og yfirborðsfrágangur þeirra var unninn á árinu 2013 og einnig fór fram grassáning.



Varnargarður undir Kubba, Ísafirði.



Áningarstaður undir Kubba.

Á næstu árum verður unnið að endursáningu, áburðargjöf og að gróðursetningu sumrin 2014 til 2016.

### Ofanflóðavarnir á Ísafirði, í Gleiðarhjalla

Unnið var að framkvæmdum Ofanflóðavarna fyrir ofan byggðina neðan Gleiðarhjalla á Ísafirði. Á fyrri hluta árs var unnið að lögnum en að framkvæmdum við varnargarða á síðari hluta ársins.



Lagnir við Urðarveg við Gleiðarhjalla, Ísafirði.

Verkkaupi er Ísafjarðarbær og Ofanflóðasjóður. Umsjón hefur Framkvæmdasýsla ríkisins. Verkhönnuður var Mannvit hf. verkfræðistofa, landslagshönnun vann Teiknistofan Eik ehf.

Endurnýjaðar voru vatnslagnir og rafstrengir við varnargarðana á um 1.800 m löngum kafla. Lauk þeim framkvæmdum í júlí 2013.



Að lokinni hönnun voru hafnar framkvæmdir við byggingu aur- og snjóflóðavarnargarða. Um er að ræða tvo snjóflóðavarnargarða, sá lengri er þvergarður um 380 m langur og allt að 14 m hár. Eru þeir byggðir upp með brotnu grjóti og styrkingarkerfi flóðmegin. Ennfremur er byggður einn aurflóðavarnargarður.

Framkvæmdir við varnargarðana voru auglýstar til útboðs í júní 2013. Tekið var tilboði ÍAV hf. Í tilboðinu var boðið Geotrel styrkingarkerfi frá Reinforced Earth Company sem samanstendur af netgrindum og styrktarböndum, sama kerfi og notað var á Neskaupstað.

ÍAV hf. hóf framkvæmdir í september 2013. Efni í jöfnunarfyllinguna kom úr Dagverðardalsnámu. Unnið var fram í desember 2013 við byggingu garða. Haldið verður áfram með byggingu garðanna og frágang á næstu árum.

### **Snjóflóðavarnir Siglufirði, stoðvirki 2. áfangi**

Lokið var við verkhönnun og hafnar framkvæmdir við 2. áfanga stoðvirkja snjóflóðavarna á Siglufirði, það er undir Hafnarhyrnu í Hafnarfjalli. Um er að ræða hluta upptakastoðvirkja sem reist eru í áföngum.

Verkkaupar eru Ofanflóðasjóður og Fjallabyggð. Umsjón hefur Framkvæmdasýsla ríkisins.

Útboð efnis var auglýst í desember 2012. Tekið var tilboði Mair Wilfried GmbH í Austurríki. Afhending efnis fer fram fyrir uppsetningu hvers hluta stoðvirkjanna sumrin 2013-2015.



Vindkljúfar á Siglufirði.



Unnið að uppsetningu stoðvirkja á Siglufirði.

Útboð á uppsetningu stoðvirkjanna í Hafnarhyrnu var auglýst 9. mars 2013. Tilboði verktakans ÍAV hf. var tekið þann 13. júní 2013.

Verkið felur í sér að setja upp stoðvirki úr stáli á upptakasvæðum snjóflóðavarna í Norður - Fífladölum og Hafnarhyrnu/Gimbrarklettum ofan við byggðina á Siglufirði. Efnismagn er um 16 þúsund metrar af stálgrindum og um 500 fótplötur. Uppsetningin verður unnin sumrin 2013 - 2015.



Snjóflóðagarður á Neskaupstað.

### **Snjóflóðavarnir á Neskaupstað, í Tröllagili**

Framkvæmdir við snjóflóðavarnir í Tröllagili á Neskaupstað héldu áfram á árinu 2013. Ráðgert er að ljúka þeim haustið 2014 utan uppgæðslu sem unnið verður að á næstu 2 til 3 árum. Verkkaupar eru Fjarðabyggð og Ofanflóðasjóður. Umsjón hefur FSR.

### Ofanflóðavarnir í Fáskrúðsfirði, við Nýjabæjarlæk



Framkvæmdir ofanflóðavarna í Fáskrúðsfirði.

Framkvæmdir í verkefninu Ofanflóðavarnir á Fáskrúðsfirði voru unnar á árinu 2013.

Verkkaupar eru Fjarðarbyggð og Ofanflóðasjóður. Umsjón fyrir verkkaupa hefur Framkvæmdasýsla ríkisins.

Útboð verksins var auglýst í janúar 2013 og í apríl var tekið tilboði Þ. S. verktaka ehf. Verkinu skal ljúka í ágúst 2014.

Verkið felst í að reisa varnavirki á Búðum í farvegi Nýjabæjarlæks ofan byggðar við Skólabrekku og Hlíðarveg. Í meginráttum er um að ræða grjótstíflu, leiðigarð og þvergilddru. Leiðigarðurinn er um 200 m langur og 3 - 7 m hár og þvergilddran um 80 m á lengd, einnig felst í verkinu gerð vegslóða og gangstíga, svo og gerð drenskurða, smíði göngubrúa og setbekkja og jöfnun yfirborðs og annar frágangur.

### Snjóflóðavarnir á Ólafsfirði

Frágangi snjóflóðavarnargarða við Hornbrekku í Ólafsfirði lauk á árinu. Framkvæmdirnar, sem hófust í lok júlí 2009, fólust í gerð varnargarðs ofan við Hornbrekku, heimili aldraðra í Ólafsfirði.



Snjóflóðavarnargarður í Hornbrekku, Ólafsfirði.

Verkkaupar voru Fjallabyggð og Ofanflóðasjóður. Framkvæmdasýsla ríkisins hafði umsjón með framkvæmdunum fyrir hönd verkkaupa. Verkfræðistofa Siglufjarðar sf. og Teikn á lofti ehf. unnu frumathugun, Verkfræðistofa Austurlands ehf. og Landslag ehf. önnuðust verkhönnun. Verktaki við uppbyggingu garðsins var G.V. Gröfur ehf. Gróðursetning og sáning var unnin af Fjallabyggð og verktökum.

Garðinum er ætlað að verja Hornbrekku og liggur hann skáhallt upp í hlíðina ofan hennar. Varnargarðurinn er um 320 m langur og um 13 m hár þar sem hann er hæstur. Heildarefnismagn í garðinum er um 150 þúsund rúmmetrar.

Auk uppbyggingar varnargarðs náði verkið til þess að gera göngustíga og gróðursetja skógarplöntur, leggja grasþökur og sá fyrir grasi.

Uppbyggingu garðsins lauk í ágúst 2010 og síðan hefur verið unnið að sáningu, uppgræðslu og gróðursetningu. Formleg vígsla snjóflóðagarðsins fór fram 24. september 2013.

### Snjóflóðavarnir á Patreksfirði



Snjóflóðavarnir Patreksfirði, þvergarður við Klif.

Í Patreksfirði var áfram unnið að framkvæmdum við þvergarð við Klif sem hófust í árslok 2012.

Verkkaupar eru Vesturbyggð og Ofanflóðasjóður á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Umsjón hefur Framkvæmdasýsla ríkisins. Verktaki við snjóflóðavarnirnar við Klif er Verktakafyrirtækið Glumur ehf.

Garðurinn er um 300 metra langur þvergarður, sem er lítið eitt bogadreginn til endanna, og er virk hæð garðsins er 10 - 12 metrar. Hlið garðsins flóðmegin var byggð upp með styrkingarkerfi og neðst í fláanum hlémegin voru gerðar grjóthleðslur til að þrengja ekki um of að byggingunum.

Í byrjun fóru fram framkvæmdir við vegslóða og ræsi, síðan sjálfan varnargarðinn og loks við mótun lands og frágang umhverfis sem fólst auk annars í gerð fræðsluvæðis ofan grunnskólans. Flutt voru tré og lagðir stígar.

Unnið var áfram að frumathugun í verkefnunum við ofanflóðavarnir á Patreksfirði, einkum við undirbúning ofanflóðavarna við Litladalsá.

#### **Ofanflóðavarnir Bíldudal í Milligili**

Unnið var áfram að frumathugun í verkefninu Ofanflóðavarnir í Bíldudal – Milligil.

#### **Skilamöt**

Útgefið skilamat á árinu 2013 vegna umhverfis- og auðlindaráðuneytisins var eftirfarandi:

- Snjóflóðavarnir á Flateyri, skilagrein útgefin í nóvember 2013.

#### **Utanríkisráðuneytið**

Engin ný verkefni voru unnin hjá FSR fyrir utanríkisráðuneytið á árinu 2013.



## Velferðarráðuneytið

Helstu verkefni fyrir velferðarráðuneytið og stofnanir þess á árinu 2013 voru eftirfarandi.

### Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Stykkishólmi

Í framhaldi af frumathúnum vann FSR að ráðgjöf vegna Heilbrigðisstofnunar Vesturlands (HVE) við fyrirhugaðar breytingar á sjúkrahúsinu í Stykkishólmi. Aðalhönnuður er Arkís arkitektar. Ákveðið að skipta fullnaðarhönnun og verkframkvæmd í áfanga. Á fyrrihluta árs var fullhannaður áfangi 1A, sem fólst í minniháttar breytingum á svæði fyrirhuguðu fyrir matsal starfsmanna, og var áfangi 1A boðinn út. Lauk þeim framkvæmdum í ágúst 2013. Hlé var gert á verkefninu það sem eftir var af árinu.



Heilbrigðisstofnun Suðurlands, afstöðumynd.

### Sjúkrahús Suðurlands, endurbætur og breytingar

Hafin var áætlunargerð vegna endurbyggingar eldri hluta Heilbrigðisstofnunar Suðurlands á Selfossi og lokið að mestu við verkhönnun 1. áfanga.

Verkkaupi er velferðarráðuneytið, notandi er Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSu), umsjón hefur Framkvæmdasýsla ríkisins, ráðgjafar eru Teiknistofan Tröð. Lagna-tækni, Mannvit og Verkfræðistofa VJL.

Talsverðar breytingar eru fyrirhugaðar á byggingunni, byggð verður ný þakhæð á húsið, ný stigahús og húsið endurbætt og breytt að innan. Innra fyrirkomulag miðast við að á fyrstu hæð verði bráðamóttaka ásamt stoðþjónustu, á annarri hæð legudeild og fæðingardeild, á jarðhæð þjónustustarfsemi og skrifstofur og mötuneyti á efstu hæð.

Ákveðið var að skipta verkinu í áfanga. Á árinu 2013 var unnið að útboðsgögnum fyrir 1. áfanga, sem er uppsteypa viðbygginga við suður- norðurgafli, þak milli nýrra stigahúsa og frágangur utanhúss og lóðarfrágangur. Haustið 2013 lágu fyrir uppfærðar aðaltekningar og fullnaðarhönnun 1. áfanga langt komin. Hafin er vinna við verkeikningar innréttinga vegna síðari áfanga.

### Hjúkrunarheimili í Fjarðabyggð

Framkvæmdir við Hjúkrunarheimili á Eskifirði í Fjarðabyggð hófust í janúar 2012. Verkkaupar eru velferðarráðuneytið og Fjarðarbyggð, umsjón hefur Framkvæmdasýsla ríkisins. Verktakinn, Viðhaldsmeistarinn ehf., sagði sig af verkinu í maí 2013, enda var þá orðið ljóst að hann hafði ekki burði til að halda verkinu áfram vegna fjárhagsvandráða tengdum öðrum verkum. Framkvæmdasýslan tók yfir fyrirgjigandi samninga VHM við undirverktaka hans og hefur rekið verkið síðan. Verkið er töluvert á eftir áætlun en verklok eru áætluð vorið 2014.

Eins og fram kemur á vef Fjarðabyggðar stefnir í að lóð hjúkrunarheimilisins verði hin glæsilegasta og setji mikinn svip á innkeyrsluna í Eskifjörð.



Hjúkrunarheimilið í Fjarðarbyggð í byggingu.

### Heilbrigðisstofnun Þingeyinga - Sjúkrahús á Húsavík, endurbætur

Vegna fyrirhugaðra endurbóta og breytinga sjúkrahússins á Húsavík var áfram unnið að undirbúningi. Velferðarráðuneytið er verkkaupi og FSR hefur umsjón með verkefninu.

Að lokinni frumathugun vann AVH ehf. (Arkitektúr - Verkfræði – Hönnun) hluta hönnunar og voru frumhönnunargögn afhent um mitt ár 2013 en um haustið var gert hlé á verkefninu.

### Tilsjón með hjúkrunarheimilum

Á árinu 2013, eins og undanfarin ár, áttu sér stað allmiklar framkvæmdir við uppbyggingu hjúkrunarheimila á vegum velferðarráðuneytisins og sveitarfélaganna þar sem viðhöfð var svonefnd „leiguleið“. Hafa þannig frá árinu 2010 þegar risið nýbyggingar með samtals 340 hjúkrunarrýmum í níu sveitarfélögum og haustið 2013 stóðu yfir framkvæmdir við byggingu 160 hjúkrunarrýma til viðbótar.

Sveitarfélögin annast undirbúning og framkvæmd. Í boði er lánsfjármögnun Íbúðarlánasjóðs. Hjúkrunarheimilin verða í eigu sveitarfélaganna en ríkið tekur heimilin á leigu. Undirbúningur fer fram í samráði við FSR og ráðuneytið. FSR hefur tilsjón með framkvæmdum sem felst í að fylgjast með framgangi framkvæmda, gera verklokaukttekir og veita ráðuneytinu upplýsingar um gang mála.

Á árinu 2013 var lokið við framkvæmdir við Hjúkrunarheimilið Ísafold í Garðabæ og Hjúkrunarheimilið Hamra í Mosfellsbæ. Í árslok voru framkvæmdir við Hjúkrunarheimilið við Nesvelli í Reykjanesbæ langt komnar.



Hjúkrunarheimilið Hamrar í Mosfellsbæ.



Hjúkrunarheimilið Ísafold í Garðabæ.

Framkvæmdir hófust við Hjúkrunarheimilið á Fljótsdalshéraði. Hönnun lauk og framkvæmdir hófust við Hjúkrunarheimili í Bolungarvík og við Hjúkrunarheimilið Eyri á Ísafirði.



Hjúkrunarheimili á Egilsstöðum, Fljótsdalshéraði. Prívíddarteikning Hornsteina.



Hjúkrunarheimili Ísafirði. Teikning VA arkitekta.

Hönnun var áður unnin við Hjúkrunarheimilið á Seltjarnarnesi en var aðlöguð að nýrri lóð, það er við Safnatröð. Hönnun hófst við Hjúkrunarheimili við Hádegisskarð í Hafnarfirði.

### Framkvæmdasjóður aldrara

Vegna umsókna um framlag úr Framkvæmdasjóði aldrara hefur FSR í nokkur ár annast umsagnir og tilsjón með stærri verkefnum svo sem þjónustumiðstöðvum og dagvist aldraðra. Helstu úttlutunar 2013 voru til að byggja þjónustumiðstöð í Spönginni, til Hrafnistu vegna þjónustumiðstöðvar á Sléttuvegi í Reykjavík og til Hrafnistu DAS til að breyta litlum rýmum í einbýli með baði.

### Nýr Landspítali - háskólasjúkrahús

Í stöðuskýrslu verkefnisstjórnar NSLH frá september 2013 kemur fram að verkefnið var á þeim tímamótum að vinningshafar samkeppninnar höfðu þá lokið frumhönnun samkvæmt samningi. Meðal þess sem fékk framgang á árinu var að deiliskipulag fyrir nýjan Landspítala við Hringbraut, með áorðnum breytingum tók gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda 8. apríl 2013.

Á árinu gerðist það að lögum um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut var breytt þannig að verkefnið mætti, sem opinber framkvæmd, fara í hefðbundið útboð en ráðherra var þó heimilt að ákveða að skýrt afmarkaðir byggingarhlutar eða byggingar verði boðnir út í formi langtímaleigu.



Meðferðarkjarni NLSH, 3. hæð. Forhönnun.

Forval vegna útboðs á fullnaðarhönnun var auglýst í apríl og voru umsóknir opnaðar í júlí. Voru í forvali vegna hönnunar sjúkrahótels og bílastæðahúss valdir fimm umsækjendur. Í forvali vegna meðferðarkjarna og rannsóknarhúss voru valdir þrír umsækjendur. Forvalið var með þeim fyrirvara að útboð á hönnun fari því aðeins fram að áður sé tryggð fjármögnun á fjárlögum og einnig að niðurstöður forvalsins gildi í 9 mánuði.



NSLH Landspítalalóð. Meðferðarkjarni, forhönnun.

### Skilamöt

Útgefin skilamöt og skilagreinar á árinu 2013 vegna velferðarráðuneytisins og stofnana þess voru eftirfarandi:

- Nýr Landspítali háskólasjúkrahús við Hringbraut. Frumathugun/ Frumhönnun. Skilgrein útgefin í desember 2013.
- Landspítalinn Fossvogi, viðbygging og endurbætur bráðamóttöku. Skilamat útgefið í nóvember 2013.
- Sjúkrahúsið á Akureyri, Suðurálma, uppsteypa hússins og innrétting 3. Hæðar. Skilamat útgefið í október 2013.
- Sjúkrahúsið á Akureyri, Suðurálma, innrétting 0. hæðar. Skilamat útgefið í október 2013.



## Alþingi

Helstu verkefni fyrir Alþingi á árinu 2013 voru eftirfarandi.

### Alþingisreitur, fornleifagröftur 2. áfangi

Framhald varð á fornleifauppgrefti á Alþingisreit á þeim hluta sem afmarkast af Tjarnargötu, bakhlið húsa að Kirkjustræti, Vonarstræti og Oddfellowhúsi.

Í þessum verkáfangi var lokið við að grafa niður á „sterilt“ lag, það er sem var áður en landnám hófst um 874. Verkleikum framkvæmdum við áfangann lauk sumarið 2012 og við tók úrvinnsla gagna sem lauk með skil lokaskýrslu í maí 2013.


Í lokaskýrslunni er m.a. greint frá því að á svæðinu eru margar vísbendingar um að á því hafi ýmis iðnaður verið stundaður. Í rústum eins hússins fundust merki um fimm eldstæði og mikið magn af byggi sem gefur vísbendingar um að í því hafi brugg, kornþurrkun og bakstur átt sér stað. Á miðju svæðinu fannst víðamikil mannvistarlag sem samanstóð að mestu af járn-oxuðum jarðvegi eða svokallaðri járnþönnu sem er vísbending um að þar hafi járn- og málmvinnsla átt sér stað enda fundust þar einnig fjórir aflar (ofnar) sem styrkja kenninguna. Nærri einum ofninum fannst silfur armaugur en fjallað er um hann sérstaklega hér fyrir neðan. Víða fundust ruslahaugar með m.a. fiskleifum sem benda til þess að fiskverkun hafi átt sér stað á svæðinu. Hellulagður stígur fannst á svæðinu og virðist hann hafa aðgreint svæðið á þann hátt að öðru megin við hann voru aflar og hinum megin verkstæði, smiðjur, gripahús og geymslur.



Alþingisreitur, fornleifar. Armbaugur.

Nokkrir fallegir gripir, og fremur sjaldgæfir héraendis, fundust á svæðinu. Fremstur í flokki þessara gripa var veglegur silfur armaugur með Víkingaöldar stimpilmunstri. Hann er um 7 sm í ummál, opinn með krókum sitthvorum megin, með undnum þráðum. Baugurinn er 1 mm á þykkt en 2 sm hár. Stimpilmunstrið sem á honum er telst til klassíks Víkingaöldarstíls og hafa aðrir slíkir gripir með stimpilmunstri fundist í Skandinavíu og á Englandi, bæði á hringum og armaugum. Sá elsti sem fundist hefur er aldursgreindur til 800 e.kr. og fannst í Syðra-Sandby á Skáni í Svíþjóð, en sá yngsti fannst í Noregi og er frá því um 1100 e.kr. Annar silfur armaugur hefur einnig fundist héraendis, er hann 4 mm þykkari og 1 sm lægri.

Einnig má nefna að marglit perlubrot fundust milli steina í hellulögðum göngustíg á uppgraftarsvæðinu. Talið er að perlan sem brotin koma frá eigi uppruna sinn fjarri Íslandi og hefur hún því komist hingað með viðskiptum eða eiganda. Perlur voru fagurt skart á þessum tíma og taldist til munaðarvara. Hefur eigandinn eflaust verið heldri kona eða maður.



Alþingisreitur, fornleifar. Perlubrot.

Ljósleiðir ehf. var verktaki vegna jarðvinnu en meginhluti verksins var fornleifagröftur sem MAS ehf. annaðist og fornleifagreftinum stjórnaði Vala Björg Garðarsdóttir fornleifafræðingur, eins og í fyrri áfangi.

Eftir lok þessa áfanga er fornleifagrefti lokið á Alþingisreit og er hann tilbúinn til uppbyggingar fyrir Alþingi.

### Kirkjustræti 8. Skjaldbreið

Hönnuðir, Batteríð arkitektar ehf., unnu drög að útboðsgögnum vegna næsta verkáfangna, endurbætur útanhúss, en í honum var áætlað að rétta af burðargrind hússins (útveggi og milligólf), gera við sökkulveggi og endursteypa hluta þeirra, gera við og skipta um glugga/hurðir, einangra og klæða útveggi og þak hússins með bárujárn. Ekki kom til framkvæmdarinnar árið 2013 heldur var henni frestað til 2014.



Alþingi, Skjaldbreiður. Útlit götuhliðar.

### Templarasund 5. Þórshamar

FSR aðstoðaði Alþingi við að koma nýjum notenda, umboðsmanni Alþingis, í húsið Þórshamar við Templarasund 5. Í húsinu voru skrifstofur fyrir starfsmenn Alþingis og í risinu voru áður skrifstofur Alþingis-  
manna.

Vegna breyttrar notkunar þurfti að endurmála allar hæðir hússins að innan, koma fyrir kaffistofu starfsmanna, endurnýja raf-lagnir, hreinsa asbestplötur úr risi og lagfæra aðgengi almennings að húsinu.

Varðandi aðgengið þá var fyrst gert ráð fyrir að setja lyftu í stigahús norðan megin í húsinu að Templarasundi 3 og byggja anddyri sem snúi út í bakgarð. Aðkoma að anddyrinu átti að vera frá Vonarstræti og um undirgang milli Templarasunds 3 og 5.



Alþingi, Þórshamar. Nýr bakinnangangur.

Siðar var fundin önnur lausn þar sem gert var ráð fyrir aðgengi beint úr undirgöngum milli Templarasunds 3 og 5 inn í stiga-húsið. Með þessu móti var hægt að sleppa anddyri í bakgarði.



Alþingi, Þórshamar. Inngangssvæði.

Hönnuðir ofangreindra lausna var Batteríð arkitektar ehf. Framkvæmdum við lyftu var slegið á frest sökum fjárskorts en áætlað er að klára verkið um leið og frekara fjármagn liggur fyrir. Framkvæmdum lauk um sumarið og tók umboðsmaður Alþingis, Tryggvi Gunnarsson, formlega við hús-næðinu þann 11. júlí 2013.

## Samstarf og atburðir

Framkvæmdasýslan tekur þátt í ýmsu formlegu samstarfi við innlendar stofnanir og hagsmunasamtök svo og við erlendar stofnanir.

Þátttaka í samstarfi innanlands er talsverð þar sem FSR er í samráði við ríkisstofnanir, sveitarfélög og ýmis hagsmunasamtök sem starfa á skyldum vettvangi.

### BIM

BIM (Building Information Modeling) eða upplýsingalíkön mannvirkja er aðferðafræði sem hefur verið að ryðja sér til rúms hérlendis. Síðastliðin ár hefur BIM Ísland verið mikilvægur samstarfsvettvangur við kynningu og innleiðingu á BIM og þar lagði FSR talsvert að mörkum við þróun BIM. Á árinu 2013 BIM dró úr starfsemi BIM Íslands. Komið var upp BIM Ísland facebook síðu í september. Hins vegar jókst verulega starf innan FSR við innleiðingu BIM á Íslandi eins og lýst er í kafla um BIM fremst í þessari ársskýrslu.

Alþjóðleg BIM ráðstefna, I BIM International Conference (BIC), var haldin í Porto í Portúgal 20. og 21. júní 2013. Eins og á Íslandi er víðsvegar í heiminum verið að innleiða BIM og ráðstefnunni var ætlað að stuðla að samvirkni milli fagaðila og landa í innleiðingunni. Þátttakandi frá FSR var Ingibjörg B. Kjartansdóttir.

Evrópsk ráðstefna um BIM, EU BIM Conference, var haldin 21. – 25. október í Brussel í Belgíu. Þar leiddu saman hesta sína fulltrúar Evrópusambandsins í félagslegum verkefnum og umsýsluáðilar ríkiseigna. Þátttakendur frá FSR voru Ingibjörg B. Kjartansdóttir og Haraldur Arnórsson.



### Byggingarstaðlaráð

Byggingarstaðlar tengjast verkefnum FSR og hefur stofnunin lengi átt í samstarfi við aðila um þá. Staðlaráð Íslands gefur út staðlana. Í október 2013 voru kynntir nýir lagnastaðlar, það er ÍST 67 Vatnslagnir og ÍST 68 Frárennslislagnir, og einnig fylgi- staðlar um steinefni og malbik.

### Dokkan

Dokkan er þekkingarfyrirtæki sem í samstarfi við fyrirtæki hefur staðið fyrir fjölda áhugaverðra fræðslufunda. Fundirnir eru á sviði stjórnunar og rekstrar um hagnýta og fræðilega þekkingu með prófaðar lausnir, hagkvæmni og nýsköpun á hverju mál- efnasviði. Starfsmenn FSR hafa aðgang að atburðum Dokkunnar og tóku þátt í nokkrum atburða ársins.



Tengiliður FSR vegna Dokkunnar er Halldóra Vífilsdóttir.

Dokkufundurinn Gæðastjórnun, samhæft árangursmat og samþætting var haldinn 22. janúar 2013 að Ofanleiti 2. Á fundinum voru framsögumenn Halldóra Vífilsdóttir aðstoðarforstjóri og Bergljót S. Einarsdóttir gæðastjóri og fjölluðu þær um gæðastjórnun á sviði opinberra framkvæmda og sérstaklega um gæðastjórnunarkerfi FSR og ferli vottunar ISO 9001, einnig um samþættingu gæðastjórnunarkerfis við aðferðafræði samhæfðs árangursmats, það er Balanced Scorecard, sem reynsla er af hjá FSR.

### Fasteignastjórnunarfélag Íslands

Fasteignastjórnunarfélag Íslands og FSR höfðu samstarf og höfðu starfsmenn FSR, þær Ingibjörg B. Kjartansdóttir og Aðalheiður Atladóttir, framsögu á fundi félagsins 6. júní 2013. Þær fjölluðu um BIM og BREEM í daglegum rekstri bygginga og rituðu einnig grein um þau mál í Fasta, tímarit félagsins sem kom út í desember 2013.



### Framkvæmdafræði við Háskóla Íslands

Háskóli Íslands hefur haldið námskeiðið Framkvæmdafræði 1. og er um að ræða námskeið Verkfræði- og náttúruvísindasviðs sem tilskilinn hluti á þriðja ári BS náms í Umhverfis- og byggingaverkfræðideild. Á námskeiðinu er nemendum veitt þjálfun og færni til að beita undirstöðuatriðum í verkefnisstjórn og framkvæmdafræði í byggingageiranum.

Tveir starfsmenn FSR miðluðu þekkingu sinni sem kennarar á þessum námskeiðum Háskóla Íslands í Framkvæmdafræði 1, þau Halldóra Vífilsdóttir og Örn Baldursson.

### Menningarstefna í mannvirkjagerð

Starfshópur um menningarstefnu í mannvirkjagerð sem skipaður var 2011 starfaði áfram að eftirfylgni með stefnunni. Þar áttu sæti sömu fulltrúar eins og áður, þeirra á meðal Halldóra Vífilsdóttir fyrir FSR.

### Nordic Built

FSR er aðili að Nordic Built sem er norrænt samvinnuverkefni sem hvetur til þróunar samkeppnishæfra lausna í vistvænni mannvirkjagerð og miðar að því að Norðurlöndin verði leiðandi í nýsköpun, grænum hagvexti og velferð. Markmið verkefnisins er að byggingaiðnaðurinn sameinist um að nýta sérþekkingu sína til þess að mæta aukinni eftirspurn eftir vistvænni mannvirkjagerð í heiminum. Kjarni verkefnisins var ákvarðaður með sáttmála sem stofnað var til á árinu 2011 en verkefnið er fjármagnað af Norræna ráðherraráðinu ásamt Nordic Innovation.

Í apríl 2013 hafði fyrirtækjum sem höfðu undirritað Nordic Built yfirlýsinguna fjölgað um níu og var þá heildarfjöldi þeirra orðinn 130.

Tengiliður FSR í samstarfi við Nordic Built er Óskar Valdimarsson. Sótti hann fund svonefndra sendiherra Nordic Built 2. – 3. maí 2013.

Mikil eftirvænting hefur verið vegna alþjóðlegrar samkeppni á vegum Nordic Built um vistvæna endurnýjun bygginga, Nordic Built Challenge. Samkeppnin var tveggja þrepa og fór að mestu fram á árinu 2013.



Cape Green, vinningstillaga VA arkitekta.

Í september 2013 voru tilkynnt úrslit í fyrra þrepi samkeppninar Nordic Built Challenge, þar á meðal í þeim hluta sem snýr að verkefni á Íslandi og fjallar um vistvæna endurhönnun Höfðabakka 9. Vinningshafi var íslenskur hópur undir forystu VA arkitekta og nefnist tillagan Cape Green.

Í lok október lágu fyrir úrslit á síðara þrepi Nordic Built samkeppninnar. Fyrstu verðlaun var veitt fyrir tillögu um verkefni í Danmörku um vistvæna endurnýjun íbúða á vegum Ballerups eignafélags og kallast tillagan Ellebo Garden Room. Sýnir hún nýjar áhugaverðar leiðir í átt að vistvænni byggingarháttum. Hönnuðir vinningstillögunnar eru Adam Khan Architects, London, ásamt Daniel Serafimovski Architects, Kristine Jensens Tegnestue og Price & Myers.



Vinningstillaga, Ellebo Garden Room.

Verkefnið Ellebo Garden Room er einstakt að því leyti að það felur í sér tillögu um hvernig leigjendur geta dvalið á heimilum sínum á meðan á endurbótum á húsnæðinu fer fram, jafnvel á meðan skipt er um úthlið. Eftir endurbæturnar munu íbúðir verða orkusparandi, gerðar verða nýjar þakíbúðir, byggðar svalir og lyftur, aðgengi verður bætt og útbúin græn útivistarsvæði.

### Norrænn byggingardagur

Meginverkefni NBD er að halda Norræna byggingardaginn (Nordisk Byggdag/ Nordic Building Forum). Stefnt er að því að næsta NBD ráðstefna verði í Reykjavík haustið 2015. Tengiliður FSR við NBD er Magnús K. Sígurjónsson og er hann ritari í stjórn NBD á Íslandi.

### Norrænt samstarf um ríkisbyggingar

Norrænt samstarf um ríkisbyggingar/ Nordisk Kontakt om Statsbygninger (NKS) er samstarfsvettvangur FSR við systurstofnanir á Norðurlöndum.

Fundur NKS var haldinn í Osló 3.-6. september 2013 og tók Halldóra Vífilsdóttir aðstoðarforstjóri FSR þar þátt ásamt Guðna Geir Jónssyni fjármálastjóra, Erni Baldurssyni verkefnastjóra og Sigríði Oddnýju Marinósdóttur skrifstofustjóra.

### Samtök iðnaðarins

Útboðsþing 2013, árlegt útboðsþing verktauka um verklegar framkvæmdir, var haldið 8. mars 2013 á Grand Hótel Reykjavík. Meðal fyrirlesara var Óskar Valdimarsson, forstjóri FSR, sem flutti erindið Verkframkvæmdir 2013 á vegum FSR



Kynningarsíða vegna útboðsþings 2013.

### Steinsteypufélag Íslands

Samstarf hefur verið hjá FSR við Steinsteypufélag Íslands. Steinsteypudagurinn er árlega og er jafnan fjölsóttur. Var hann haldinn 15. febrúar 2013 á Grand hóteli. Boðið var upp á góða dagskrá með fjölda fyrirlestra sem fluttir voru af fagmönnum innan íslenska byggingariðnaðins. Að þessu sinni var einnig sýning þar sem þrjú fyrirtæki kynntu starfsemi sína í básum framan við fundarsalinn. Steinsteypuverðlaunin voru afhent í þriðja sinn og þau hlutu aðilar sem stóðu að endurgerð Nýja bíós sem stendur á horni Lækjargötu og Austurstrætis.



Vel formuð steinsteypa Nýja bíós.

### Stjórnvísí

Morgunverðarfundurinn Íslenska ánægjuvogin 2012 - Uppskeruhátíð var haldinn í Veisluturninum, Smáratorgi, 21. febrúar 2013. Íslenska ánægjuvogin er samstarfsverkefni Capacent, Samtaka iðnaðarins og Stjórnvísí. Faghópur um gæðastjórnun hjá Stjórnvísí efndi til fundarins. Birtar voru niðurstöður Íslensku ánægjuvogarinnar fyrir árið 2012. Halldóra Vífilsdóttir, aðstoðarforstjóri FSR, flutti erindi um gæðastjórnun í opinberum framkvæmdum.

### TWN - Vinnuaðstöðusamtök

FSR er aðili að TWN (The Workplace Network) sem eru samtök systurstofnana FSR/FR í mörgum löndum þar sem viðfangsefnið er að skiptast á skoðunum um fasteignamál hjá hinu opinbera og allt sem snýr að vinnuaðstöðu.

Fundur TWN var haldinn í Ottawa í Kanada dagana 10. – 12. júní 2013. Fundinn sótti Óskar Valdimarsson forstjóri.

### Verkefnastjórnunarfélag Íslands / Nordnet

Samstarf hefur verið við Verkefnastjórnunarfélags Íslands (VSF) með þátttöku í starfi og atburðum félagsins.

Haustráðstefna Verkefnastjórnunarfélags Íslands, Nordnet 2013 - Cool Projects and Arctic Opportunities, fór fram í Hörpu 3. - 5. september 2013, í samvinnu við Nordnet, samtök Verkefnastjórnunarfélaga á Norðurlöndum. Meðal þátttakenda var Sigurður Norðdahl frá FSR.

## Vistbyggðarráð

FSR er aðili að Vistbyggðarráði (VBR) sem er vettvangur á sviði vistvænnar þróunar við skipulag, hönnun, byggingu, rekstur og viðhald mannvirkja. Starfsemin hefur verið líflæg og haldnir voru margir atburðir á árinu.

Tengiliður við VBR fyrir FSR var Lena Kadmark og var hún varamaður í stjórn Vistbyggðarráðs.

Eftirfarandi voru helstu atburðir á vegum Vistbyggðarráðs og erlendar ráðstefnur sem Vistbyggðarráð vakti athygli á.

Vistvænar byggingar og áhrif þeirra á hönnun, framkvæmd og heilsufar, opinn vinnufundur, var haldinn af Nýsköpunarmiðstöð í samvinnu við Vistbyggðarráð 18. janúar 2013 á Hilton Reykjavík Nordica. Þar flutti meðal annarra Óskar Valdimarsson, forstjóri Framkvæmdarsýslu ríkisins, erindið Þurfum við vistvænar byggingar?

Einning hélt Halldóra Vífilsdóttir, aðstoðarforstjóri FSR, fyrirlestur á vinnustofu um vistvænar byggingar og áhrif þeirra á hönnun, framkvæmd og heilsufar á en vinnustofan var á vegum Nýsköpunarmiðstöðvar en í samvinnu við Vistbyggðarráð.

Nordic GBC Conference 2013, þriðja samnorræna ráðstefnan á vegum Norrænu vistbyggðarráðanna (Nordic Green Building Councils), haldin í Helsinki 31. janúar - 1. febrúar 2013.

Ecobuilt í London, ráðstefna/ kaupstefna haldin í London, dagana 5. - 7. mars 2013.

Vottunarkerfi og norræn ráðstefna, opinn fundur haldinn 7./ 14. mars 2013. Skýrt var frá ferli svansvottunar rekstar veitingastaðarins Nauthóls. Skýrt var frá skýrslu sem Starfshópur á vegum Vistbyggðarráðs gerði um athugun á vottunarkerfunum BREEAM, DGNB og Milljöbyggnad með tilliti til mögulegrar notkunar á Íslandi.

Aðalfundur Vistbyggðarráðs var haldinn 11. apríl 2013 í Stokkhólmi. Sótti Óskar Valdimarsson forstóri FSR fundinn.



Fortíðarhyggja eða framtíðarsýn – Sjálfbært byggðamynstur í íslensku þéttbýli, ráðstefna Vistbyggðarráðs og Skipulagsfræðingafélags Íslands, var haldin 16. maí 2013 á Nauthól.

Future Built 2013, ráðstefna haldin 4. til 5. júní 2013 í Bærum Kulturhus í Noregi.

UK Passivhaus Conference 2013 var haldin í Milton Keynes í Englandi 15. október 2013.

Passivehus Norden 2013, ráðstefna haldin 15. -17. október 2013.

Vistvænar byggingar, gróður og góð innivist, Opinn fundur Vistbyggðarráðs haldinn 31. október 2013 í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands við Suðurgötu 41.

Hagkvæmar tæknilausnir fyrir vistvænar byggingar, vinnustofa/ fundur, var haldinn 20. nóvember 2013 á Hilton Reykjavík Nordica. Um var að ræða samstarfsverkefni Nýsköpunarmiðstöðvar og verkefnisins Enterprise Europe Network /Prism Environment og Vistbyggðarráðs.



## Rekstur og starfsfólk

### Rekstrarafkoma

Tekjur ársins námu tæpum 283 milljónum króna sem er 13% hærra en gert var ráð fyrir í rekstraráætlun. Gjöld ársins námu tæpum 279 milljónum króna og fóru því rúmum 9% fram úr áætluðum gjöldum.

Tekjur hækkuðu frá fyrra ári um 30 milljónir króna eða um tæp 12%. Gjöld hækkuðu á móti um rúmar 17 milljónir króna á milli ára eða tæp 7%. Afkoma stofnunarinnar var jákvæð um rúmar 4 milljónir króna sem er mun betri niðurstaða en árið áður þegar halli var á rekstrinum upp á tæpar 8 milljónir króna.


Launagjöld eru stærsti útgjaldaliður í rekstri stofnunarinnar. Á árinu 2013 námu þau tæpum 207 m.kr. eða rúmum 74% af heildargjöldum. Launagjöld hækkuðu milli ára um sem nemur 13,5%. Hækkun þessi skýrist bæði af fjölgun starfsmanna og kjarahækkunum. Miðlægar hækkunar vegna kjarasamninga námu 3,5% frá 1. mars. Stofnanasamningar voru endurnýjaðir við kjarafélög allra starfsmanna á árinu en þau eru sex talsins. Samningar við öll félögin tóku gildi 1. júlí. Ákvæði í stofnanasamningum um umbun fyrir að gegna starfi byggingarstjóra er afturvirktilt til 1. janúar 2013. Með endurnýjun þessara samninga telur stofnunin sig hafa skert línur um kjör og var m.a. gengið út frá því við samningagerðina að starfmenn ættu að geta klárað vinnu sína í dagvinnutíma.

Hækkunarir náðu til allra starfsmanna að forstjóra, aðstoðarforstjóra og fjármála- stjóra undanskildum. Meðaltalshækkun annarra starfsmanna var um 7%. Auk þessa voru greiddir kaupaukar sem nemur 10 tímum á starfsmann í 100% starfi með júní launum. Í heildina námu önnur gjöld stofnunarinnar tæpum 72 milljónum króna og lækkuðu frá fyrra ári um 7 milljónir króna eða rúm 9%.

Á árinu var afskriftasjóður hækkaður um 2 milljónir króna til að mæta mögulegum afskriftum á útistandandi kröfum og nam hann í árslok 15 milljónum króna. Ef afkoma án tillags í afskriftasjóð er borin saman á milli árana 2013 og 2012 kemur í ljós að hún var sambærileg þ.e. rekstrar- afgangur á bilinu 5 til 6 milljónir króna. Í árslok nam eigið Framkvæmdasýslunnar 4.642 þúsundum króna.

### Verkbókhald FSR

Stærstur hluti þeirra verka sem Framkvæmdasýsla ríkisins hefur umsjón með er í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá stofnuninni. Lög um skipan opinberra framkvæmda kveða enda á um að svo skuli vera til að stuðla að aukinni hagkvæmni í opinberum framkvæmdum. Með því er verkefnastjórum gert kleift að hafa ávallt nýjustu upplýsingar um fjárhagsstöðu verka- anna og auðveldar það kostnaðargát á verkum. Eins og fram kemur í meðfylgjandi mynd jókst velta FSR verkefna um tæp 80% á milli árana 2012 og 2013.



Velta verkbókhalds árin 2000 - 2013 í milljónum króna.

## Starfsmannamál

Í lok ársins 2013 störfuðu 27 starfsmenn í tæpum 24 stöðugildum auk ræstitækis.

Starfsemi stofnunarinnar kallar á nokkuð hátt menntunarstig og er meirihluti starfsmanna háskólamenntaður. Stofnunin leggur áherslu á viðhalda hæfni starfsmanna og er endurmenntun og þjálfun því fastur liður í starfseminni.

Konur voru um áramót í 36% stöðugilda hjá FSR en það er markmið jafnréttisáætlunar FSR að tryggja að starfsmenn hafi jöfn tækifæri óháð kynferði og að stuðla að jafnri stöðu karla og kvenna innan stofnunarinnar.



Frá starfsmannaferð á Siglufjörð í mars.

Nokkrar breytingar urðu á mannahaldi FSR á árinu 2013. Þannig hóf nýr fjármálastjóri, Guðni Geir Jónsson, störf í febrúar. Ráðnir voru fjórir verkefnastjórar á árinu. Þetta eru Ingibjörg Birna Kjartansdóttir, Jón R. Sigmundsson, Hreinn Sigurðsson og Haraldur Arnórsson. Þórir Jónsson verkefnisstjóri lét af störfum á miðju ári. Þá lét Jón H. Ásbjörnsson verkefnisstjóri af störfum með nýju ári sem og Aðalheiður Altaldóttir verkefnisstjóri sem starfaði sem afleysingamaður megnið af árinu. Nokkuð var um að starfsmenn minnkuðu starfshlutfall sitt á árinu. Þannig lækkaði starfshlutfall þriggja starfsmanna samtals um sem nemur einu stöðugildi.



Auðvitað á skíðum.

Starfsmannafélagið Auðvitað starfaði sem áður af fullum krafti. Ný stjórn var kosinn á aðalfundi Auðvitað 22. janúar 2013. Í stjórn 2012-2013 voru kosin þau Ívar Már Markússon, Bergljót S. Einarsdóttir og Örn Baldursson. Varamenn voru kosnir þau Bjargey Björgvinsdóttir og Þorvaldur Stefán Jónsson. Halldóra Vífilsdóttir gekk úr stjórn. Varamenn sem gengu úr stjórn voru Lena Kadmark og Sigurður Nordahl.

Auðvitað stóð fyrir 16 viðburðum á starfsárinum. Helst ber þar að nefna skíða- og menningarferð til Siglufjarðar í byrjun mars og árshátíð í Viðey í október.



Gönguferð í Grjótaborpi í maí.

Farið var í gönguferð um miðbæ Reykjavíkur með Guðjóni Friðrikssyni, dagsferð í Skálholt og Brekkuskóg í ágúst, farið var í leikhús og meistaramót FSR í keilu var haldið í nóvember. Morgunmatúr var snæddur sameiginlega nokkrum sinnum.



Frá ársrátið Auðvitaðs í Viðeyjarstofu í október 2013.

### Starfsmenn FSR í árslok 2013

Aðalheiður Atladóttir  
Berglind Ýr Ólafsdóttir  
Bergljót S. Einarsdóttir  
Bjargey Björgvinsdóttir  
Gíslína Guðmundsdóttir  
Guðbjartur Á. Ólafsson  
Guðmundur Pálsson  
Guðni Geir Jónsson  
Guðrún V. Árnadóttir  
Gunnar Sigurðsson  
Halldóra Vífilsdóttir  
Haraldur Arnórsson  
Hreinn Sigurðsson

Ingibjörg Birna Kjartansdóttir  
Ívar Már Markússon  
Jón Halldór Ásbjörnsson  
Jón R. Sigmundsson  
Lena Kadmark  
Magnús K. Sigurjónsson  
Óskar Valdimarsson  
Róbert Jónsson  
Sigríður Oddný Marinósdóttir  
Sigurður Hlökkversson  
Sigurður M. Norðdahl  
S. Hafsteinn Steinarsson  
Þorvaldur Stefán Jónsson  
Örn Baldursson

09-901 Framkvæmdasýsla ríkisins

# ÁRSREIKNINGUR 2013

**fjs** FJÁRSÝSLA  
RÍKISINS







# 09-901 Framkvæmdasýsla ríkisins

## Ársreikningur 2013

Ársreikningur þessi sem hefur að geyma rekstrarreikning ársins, efnahagsreikning í árslok og sjóðstreymi ásamt sundurliðunum hefur verið saminn eftir bókhaldi stofnunarinnar.

Lykilstærðir ársreikningsins eru:

	<u>2013</u>	<u>2012</u>	<u>Fjárheimild</u>
<b>Rekstrarreikningur</b>			
Tekjur samtals.....	282.838.183	253.402.537	250.000.000
Gjöld samtals.....	278.551.198	261.268.469	250.000.000
Framlag úr ríkissjóði.....	0	0	0
Hagnaður/tap ársins.....	4.286.985	-7.865.932	0
<b>Efnahagsreikningur</b>			
Eignir samtals.....	789.860.594	881.197.721	
Skuldir samtals.....	785.218.393	880.842.505	
Höfuðstóll í árslok.....	4.642.201	355.216	
Greiðslustaða við ríkissjóð.....	-62.283.624	-37.341.775	

Forstöðumaður og aðalbókari staðfesta ársreikning stofnunar fyrir árið 2013 með undirritun sinni.

12.03.2014



Forstöðumaður



Aðalbókari

## Rekstrarreikningur

	Reikningur 2013	Reikningur 2012	Fjárheimildir 2013
<b>Tekjur</b>			
Sértekjur.....	282.838.183	253.402.537	250.000.000
Markaðar tekjur.....	0	0	0
Aðrar rekstrartekjur.....	0	0	0
<b>Tekjur samtals</b>	<b>282.838.183</b>	<b>253.402.537</b>	<b>250.000.000</b>
<b>Gjöld</b>			
Almennur rekstur.....	278.551.198	261.268.469	250.000.000
101 Framkvæmdasýsla ríkisins.....	278.551.198	261.268.469	250.000.000
<b>Gjöld samtals</b>	<b>278.551.198</b>	<b>261.268.469</b>	<b>250.000.000</b>
<b>Tekjur umfram gjöld.....</b>	<b>4.286.985</b>	<b>-7.865.932</b>	<b>0</b>
Framlag úr ríkissjóði.....	0	0	0
<b>Hagnaður/tap ársins.....</b>	<b>4.286.985</b>	<b>-7.865.932</b>	<b>0</b>

## Efnahagsreikningur

	Reikningur 31.12.2013	Reikningur 31.12.2012
<b>Eignir</b>		
<b>Fastafjármunir</b>		
Áhættufjármunir.....	0	0
Langtímakröfur.....	0	0
<b>Fastafjármunir samtals.....</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
<b>Veltufjármunir</b>		
Vörubirgðir.....	0	0
Inneign hjá ríkissjóði.....	0	0
Skammtímalán.....	0	0
Skammtímakröfur aðrar.....	285.662.279	419.351.930
Handbært fé.....	504.198.315	461.845.791
<b>Veltufjármunir samtals.....</b>	<b>789.860.594</b>	<b>881.197.721</b>
<b>Eignir samtals.....</b>	<b>789.860.594</b>	<b>881.197.721</b>
<b>Skuldir og eigið fé</b>		
<b>Eigið fé</b>		
<b>Höfuðstóll</b>		
Staða í ársbyrjun.....	355.216	8.221.148
Breyting v/lokafjárlaga.....	0	0
Hagnaður/tap ársins.....	4.286.985	-7.865.932
<b>Höfuðstóll í árslok.....</b>	<b>4.642.201</b>	<b>355.216</b>
<b>Annað eigið fé</b>		
Bundið eigið fé.....	0	0
Framlag til eignamyndunar.....	0	0
<b>Annað eigið fé samtals.....</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
<b>Eigið fé í árslok.....</b>	<b>4.642.201</b>	<b>355.216</b>
<b>Langtímaskuldir</b>		
Tekin löng lán.....	0	0
<b>Langtímaskuldir samtals.....</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
<b>Skammtímaskuldir</b>		
Yfirdráttur á bankareikningum.....	0	0
Skuld við ríkissjóð.....	62.283.624	37.341.775
Skammtímalántökur.....	0	0
Aðrar skammtímaskuldir.....	722.934.769	843.500.730
<b>Skammtímaskuldir samtals.....</b>	<b>785.218.393</b>	<b>880.842.505</b>
<b>Skuldir samtals.....</b>	<b>785.218.393</b>	<b>880.842.505</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals.....</b>	<b>789.860.594</b>	<b>881.197.721</b>



## Sjóðstreymi

	Reikningur 2013	Reikningur 2012
<b>Hagnaður/tap ársins</b> .....	4.286.985	-7.865.932
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda		
Breyting skammtímakrafna og birgða.....	133.689.651	-148.702.140
Breyting skammtímaskulda.....	-120.565.961	189.012.463
<b>Handbært fé frá rekstri</b> .....	17.410.675	32.444.391
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>		
Veitt lán.....	0	0
Afborganir veittra lána.....	0	0
Endurmat veittra lána.....	0	0
Breyting á áhættufjármunum.....	0	0
<b>Fjárfestingahreyfingar samtals</b> .....	0	0
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		
Framlag ríkissjóðs.....	0	0
Tekjur innheimtar af ríkissjóði.....	0	0
Greitt úr ríkissjóði.....	24.941.849	-7.642.180
Markaðar tekjur, skil á innheimtu ríkissjóðs.....	0	0
Tekin lán.....	0	0
Afborganir tekinna lána.....	0	0
Endurmat tekinna lána.....	0	0
<b>Fjármögnunarhreyfingar samtals</b> .....	24.941.849	-7.642.180
<b>Breyting á handbæru fé</b> .....	42.352.524	24.802.211
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b> .....	461.845.791	437.043.580
<b>Handbært fé, hreyfingar</b> .....	42.352.524	24.802.211
<b>Handbært fé í árslok</b> .....	504.198.315	461.845.791



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS